

## Um vöktun á kampýlóbakter í alifuglum og afurðum alifugla

Áður en ófrystum eða óhitameðhöndluðum sláturafurðir alifugla er dreift á markaði skal sýna fram á það með sýnatöku að ekki hafi greinst kampýlóbakter í framleiðslu.

Matvælafyrirtæki geta valið milli þriggja valkosta hvernig sýni eru tekin. Að minnsta kosti eitt af eftirfarandi sýnum skal tekið til að sýna fram á að í því hafi ekki greinst kampýlóbakter:

1. Sýni getur verið tekið úr eldishópi á eldistímanum, eða
2. Sýni getur verið tekið úr sláturhópi við slátrun, eða
3. Sýni getur verið tekið úr afurðum alifugla.

Rannsóknarniðurstöður skulu liggja fyrir áður en sláturafurðum er dreift á markaði.

Í Landsáætlun um varnir og viðbrögð við kampýlóbakter í alifuglarækt kemur meðal annars fram með hvaða rannsóknaraðferðum sýni eru rannsökuð og hvernig niðurstöður eru túlkaðar.

Tvær ástæður geta verið fyrir því að taka sýni úr alifuglum við slátrun til vöktunar á kampýlóbakter.

1. Sbr. umfjöllun hér að ofan, ef ætlunin er að dreifa afurðum hópsins ófrystum eða óhitameðhöndluðum á markað, og/eða
2. Sýni tekin til að fylgjast með smitmagni kampýlóbakter í sláturskrokkum. Á árinu 2020 verða tekin sýni úr **öllum** sláturhópum **kjúklinga og kalkúna**.

Í þessum leiðbeiningum er sýnatökum úr alifuglum við slátrun lýst.

## Svona skal sýni tekið

Safnsýnið er samansett úr 3 einstaklingssýnum af hálsaskinni. Það skal taka 3-5g af hálsaskinni af að minnsta kosti 3 fuglum sem eru valdir af handahófi og safnar hálsaskinum í nýtt, hreint ílát. Sýni eru tekin af skrokkum eftir kælingu. Safnsýnið þarf að vega að minnsta kosti 10g.

Nota má sama sýnið til rannsókna á salmonellu við slátrun samkvæmt Landsáætlun en þá skal sýnið tekið [samkvæmt þeirri lýsingu](#).

Safnsýnið er sent á opinbera rannsóknastofu ef rannsóknin fer fram hér á landi eða á erlenda rannsóknarstofu með faggildingu fyrir rannsóknaraðferðina ásamt eftirfarandi upplýsingum:

- Sendandi sýnis, það er sýnatökuaðili
- Eigandi sýnis og greiðandi sýnis, ef annar en eigandi sýnis
- Dagsetning sýnatöku
- Hvaða rannsókn óskast: Kampýlóbakter – talning (skv. ISO staðli 10272-2:2017 eða öðrum sambærilegum greiningaraðferðum)
- Fjöldi einstaklingssýna og fjöldi safnsýna
- Rekjanleikanúmer, auðkenni hóps

- Alifuglategund

Sýnið skal geyma og flytja til opinberrar rannsóknarstofu við hitastig milli 1-8°C. Sýnið má ekki frjósa og skal það varið sólarljósi.

Að hámarki skulu líða 48 klst. frá töku sýnis þar til rannsókn hefst. Sýni sem hafa náð 0°C eða undir eru ekki hæf til rannsókna.

#### Sýnatökubúnaður

- Plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Tússpenni / límmiðar
- Eyðublað Matvælastofnunar eða sambærilegt eigið rannsóknareyðublað
- Kælibox til sendingar

Þessar leiðbeiningar eru gefnar út í samræmi við landsáætlun um varnir og viðbrögð við kampýlóbakter í alifuglarækt.

Síðast uppfært: 16.1.2020